



# ÚTIVIST

Laugavegi 178. Sími 562 1000. [www.utivist.is](http://www.utivist.is)

12. apríl 2017

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011

Endurskoðun á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er tímabær og er það mat okkar að margar þær breytingar sem frumvarpið felur í sér séu til góða. Einkum ber að fagna því að með breytingunni aukast möguleikar einkaaðila til að sækja fjármagn í sjóðinn, en víða er mikil þörf á aðgerðum á svæðum í einkaeign. Þá er mikilvægt að fram komi að staðir sem njóti úthlutunar sjóðsins skuli vera opnir gjaldfrjálsri umferð almennings og almenn ákvæði um almannarétt gildi.

Á hinn bóginn er það okkar mat að sú breyting að svipta sjóðinn föstum tekjustofni sem felst í ákveðnu hlutfalli gistináttagjalds sé til hins verra. Með því verður sjóðurinn alfarið háður velvilja fjárveitingavaldsins hverju sinni. Gistináttagjald var upphaflega lagt á sérstaklega til að fjármagna framkvæmdir á ferðamannastöðum og má segja að þessi gjaldtaka njóti nokkurs velvilja þar sem greiðendur hafa tilfinningu fyrir því að gjaldið fari til góðra verka. Hér er sú tenging rofin. Mjög mikilvægt er að sjóðnum sé tryggðar öruggar tekjur til framtíðar og það er ekki gert með því að svipta hann föstum tekjustofni.

Virðingarfyllst,

Skúli H. Skúlason  
Ferðafélagið Útivist